**Nd.** **423. Breytingartillögur**

við frv. til laga um framlög til kynnisferða sveitafólks.

Frá Þóroddi Guðmundssyni og Barða Guðmundssyni.

1. Við 1. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Enn fremur greiði ríkissjóður árlega jafnháa upphæð til að styrkja kynnisferðir handverksmanna, smáútvegsmanna og annarra smáframleiðenda í kauptúnum og kaupstöðum.
2. Við 2. gr. Niðurlag greinarinnar orðist svo: ... að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, landssambands iðnaðarmanna og Fiskifélags Íslands.